

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. október 2023 í máli nr. 40/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 19. apríl 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili telur að bílaviðgerðarþjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst þess að aðallega varnaraðili greiði henni skaðabætur að fjárhæð 500.000 krónur. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili geri við bifreiðina á eigin kostnað.

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að sóknaraðili fór með bifreið sína af gerðinni [...], til viðgerðar hjá fyrirtækinu [...] í byrjun mars 2023. Hafi varnaraðili, sem sóknaraðili kveður vera starfsmann fyrirtækisins, skoðað bifreiðina og komist að þeirri niðurstöðu að aðeins þyrfti að skipta um kúplingu í henni. Hafi varnaraðili síðan framkvæmt viðgerðina. Hafi sóknaraðili greitt 76.347 krónur fyrir nýja kúplingu og viðgerðarkostnað að fjárhæð 47.407 krónur, alls 123.754 krónur, með millifærslu inn á reikning varnaraðila. Í aprílmánuði hafi farið að bera aftur á vandamáli tengdu kúplingu bifreiðarinnar. Hafi sóknaraðili því haft samband við varnaraðila sem hafi ráðlagt henni að leita til annars viðgerðarverkstæðis, [...], á kostnað varnaraðila. Sóknaraðili kveðst hafa farið með bifreið sína þangað þar sem hún hafi verið tengd við tölvukerfi. Við það hafi bifreiðin einhverja hluta vegna „dáið“. Hafi sóknaraðila verið tjáð að bilun bifreiðarinnar væri tengd rafkerfi bifreiðarinnar. Að sögn sóknaraðila hafi hvorki varnaraðili né [...] viljað taka ábyrgð á ástandi bifreiðarinnar og sé hún nú óökufær. Varnaraðili hafi boðist til að gera við bifreiðina en á kostnað sóknaraðila. Það kveðst sóknaraðili ekki geta fellt sig við.

Sóknaraðili kveðst hafa keypt bifreiðina af kunningja sínum á 380.000 krónur. Þá hafi sóknaraðili þurft að greiða varnaraðila 123.754 krónur vegna varahluta og þeirra viðgerðar sem hann framkvæmdi. Því krefst sóknaraðili þess aðallega að varnaraðili greiði henni 500.000 krónur í skaðabætur. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili komi bifreiðinni í ökuhæft ástand á eigin kostnað.

Með kvörtun sinni lagði sóknaraðili fram afrit af millifærslukvittun og annað skjal sem ekki var aðgengilegt til skoðunar.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa segir að kæruneftndin geti óskað eftir því að málsaðilar leggi fram gögn í máli. Þá segir í 4. mgr. sama ákvæðis:

Sé kvörtun metin ótæk til meðferðar, skv. e-lið 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur nefndin veitt neytanda stuttan frest til úrbóta.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds ákvæðis á við ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Þann 24. apríl 2023 var bréf sent sóknaraðila fyrir hönd kæruneftndarinnar þar sem óskað var eftir því að sóknaraðili myndi uppfæra kvörtun sína hvað kröfugerð hennar varðaði þar sem hún var afar óljós í fyrsta kasti. Þá var óskað eftir frekari gögnum til stuðnings kvörtuninni. Þann 27. apríl 2023 uppfærði sóknaraðili kröfugerð sína og lagði fram skjáskot af smáskilaboðum milli aðila. Með tölvubréfi dags. 5. maí og 23. júní 2023 var beiðni kæruneftndarinnar um frekari upplýsingar og framlagningu gagna ítrekuð. Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindum bréfum.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn um bifreiðina sjálfa, þær bilanir sem komu upp í bifreiðinni og hvernig rekja megi bilun í rafkerfi bifreiðarinnar til vinnu varnaraðila eða atvik máls að öðru leyti. Kæruneftndin telur sér því ekki fært að kveða upp úrskurð um kröfur sóknaraðila á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kæruneftndin bendir á að sóknaraðili getur óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með framlagningu gagna til stuðnings kröfu sinni.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson